



Lýsing ehf.
SP-fjármögnun ehf.
Avant ehf.
og önnur fjármálafyrirtæki er málið varðar

Reykjavík, 24. júní 2010

OPIÐ BRÉF

Efni: Gengistryggð lán


Dómar Hæstaréttar í málum nr. 92/ og 153/2010 frá því í síðustu viku varða fjölmarga félagsmenn Samtaka iðnaðarins, ekki síst í mannavirkjagreinum.

Samtök iðnaðarins, fyrir hönd félagsmanna sinna, gera þá kröfu að fjármögnunar-fyrirtækin, Lýsing, SP-fjármögnun, Avant og eftir atvikum önnur fjármálafyrirtæki greiði til baka eða lækki höfuðstól þeirra lánasamninga, sem voru gengistryggðir með þeim hætti sem Hæstiréttur hefur dæmt ólöglegt.

Þá ætlast SI til þess að þessi sömu fyrirtæki geri félagsmönnum SI grein fyrir á hvern hátt þau ætli að bæta þeim afleitt tjón sem þeir hafa orðið fyrir vegna þessara lánasamninga.

SI óska eftir því við fjármálafyrirtækin að þau leggi fram áætlun innan viku um hvernig þau hyggjast bregðast við kröfu Samtaka iðnaðarins.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Jón Steindór Valdimarsson
frankvæmdastjóri